

BORGARRÁÐ 3. júní 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framleiðslu þjónustu- og nýsköpunarsviðs á hugbúnaði - R21060026

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að vita hvaða hugbúnað eða lausnir ætla þjónustu og nýsköpunarsvið (PON) sér að framleiða sem ekki er til nú þegar og í notkun annars staðar? Spurt er vegna þess að borgarfulltrúi Flokks fólksins á bággt með að trúa því að bæði þjónusta og starfsemi Reykjavíkurborgar sé það frábrugðin flestum öðrum borgum eða sveitarfélögum af svipaðri stærð hér í kringum okkur, að það þurfi virkilega að koma á fót „opinberu hugbúnaðarfyrirtæki“ innan PON til að framleiða þann hugbúnað og lausnir sem þörf er á.